

Sp.

### 311. Tillaga til þingsályktunar

[149. mál]

um athugun á hagkvæmni brúargerðar yfir Eyjafjarðará nálægt Laugalandi.

Flm.: Lárus Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna sem fyrst hvort hagkvæmt sé að gera brú yfir Eyjafjarðará er tengi byggðina í Hrafnagils- og Öngulsstaðahreppi.

#### Greinargerð.

Í Eyjafirði er eitt þéttbýlasta og besta landbúnaðarhérað á landinu. Byggð hefur vaxið þar á undangengnum árum og áratugum gagnstætt því sem víða er í sveitum. Beggja vegna árinna eru myndarlegar skólabyggingar, Hrafnagilsskóli í Hrafnagilshreppi og húsmæðraskóli að Syðra-Laugalandi. Þar er einnig sundlaug, en engin sundaðstaða er að Hrafnagili og þar skortir auk heldur heitt vatn til upphitunar.

Þótt byggð hafi sem fyrr segir vaxið í Hrafnagils- og Öngulsstaðahreppi, hefði framþróun þessara byggðarlaga vafalítið orðið miklu örari ef auðveldara væri að komast milli hreppanna beint yfir Eyjafjarðará. Það hefur því verið mikið áhugamál íbúa á þessu svæði að Eyjafjarðará yrði brúuð og byggðarlög þessi tengd saman þar sem byggðin er þéttust. Þetta mundi stytta þá leið, sem fara þarf milli hreppanna, um nálægt því 30 km, en nú þarf að fara brýrnar niður við Akureyri til þess að komast milli þessara byggðarlaga, sem kunnugt er.

Þannig er ástatt nú að húsmæðraskólinn á Laugalandi hefur ekki verið starfræktur um sinn vegna nemendaskorts. Aftur á móti skortir skólarými að Hrafnagili. Þar skortir einnig sundaðstöðu sem er til að Laugalandi eins og áður segir. Þessi dæmi sýna ótvírætt að unnt væri að hagnýta skólamannvirki og íþróttastöðu í þessum byggðarlögum miklu betur en ella ef Eyjafjarðará yrði brúuð. Önnur félagsleg og menningarleg samskipti fólksins yrðu augljóslega meiri og margvíslegur efnahagslegur ávinningur yrði við slíka samgöngubót.

Nú hefur tvennt gerst, sem gerir það að verkum að sú könnun er tímabær og nauðsynleg sem þessi tillaga fjallar um. Fundist hefur heitt vatn að Syðra-Laugalandi og fullvíst má telja að hitaveita verður lögð þaðan til Akureyrar. Þá munu einnig auknar líkur á að þjóðvegurinn frá Akureyri austur fyrir Eyjafjörð liggja um svonefndar Leirur, og við það lengist enn sú leið sem íbúar Hrafnagilshrepps og Öngulsstaðahrepps þurfa að fara til samskipta. Lengi var jafnvel í ráði að þjóðvegurinn frá Akureyri færðist sunnar í Eyjafjörð en hann er nú. Augljóslega hefði slík ákvörðun minnkað nauðsynina á brúargerð við Hrafnagil eða þar um slóðir.

Fyrir dyrum stendur að ákveða þá leið, sem leggja á hitaveitu yfir Eyjafjarðará. Ef áin yrði brúuð á móts við Laugaland kæmi vafalítið mjög til greina að taka lögnina þannig yfir ána og leysa hitaveituvandamál Hrafnagilsskóla, Kristneshælis og byggðarinnar í Hrafnagilshreppi í leiðinni. Nú þegar ákvörðun nálgast um hvar vegurinn skuli liggja frá Akureyri yfir Eyjafjörð og enn fremur að taka ákvörðun um þá leið sem hitaveita á að leggjast yfir fjörðinn frá Laugalandi er augljóst að kanna þarf félagslega og efnahagslega hagkvæmni þess að brúa Eyjafjörð milli þéttustu byggðarinnar í Öngulsstaða- og Hrafnagilshreppi. Á alla framangreinda þætti þarf að líta í samhengi. Þessi könnun þarf ekki að taka nema örstuttan tíma vegna þess m. a. að þegar liggja fyrir hjá Vegagerð ríkisins athuganir á vega- og brúarstæði á þessum slóðum og lauslegar kostnaðaráætlanir. Athuganir á hagkvæmni nýtingar skólahúsnæðis og íþróttamannvirkja o. s. frv. eru ekki heldur það flókin verkefni að ekki sé unnt að ljúka þeim af á stuttum tíma.